

Norðurþing
b/t Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 6. maí 2019
UST201903-268/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Verslunar- og þjónustusvæði - Golfvöllur á Húsavík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Norðurþingi er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði V3 við golfvöllinn á Húsavík í Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að helstu markmið deiliskipulagsins er að staðsetja lóðir annars vegar á lóð A fyrir golfskála og bílastæði og hins vegar á lóð B fyrir verslunar- og þjónustusvæði, hugsanlega fyrir hótél.


Fráveita

Í greinargerð kemur fram að frárennismál svæðisins þarfnast endurbóta, en golfskálinn er ekki tengdur við frárenniskerfi bæjarins.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er í tillögunni, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.


Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki frekari athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur